

Reykjavík 11. janúar 2020

Umhverfis- og framkvæmdasvið Vestmannaeyjabæjar

Tangagötu 1

900 Vestmannaeyjum.

Varðar, erindi nr. 202012013: Höfðaból – umsókn um innkeyrslu og stækkun geymslu.

Í bréfi Umhverfis- og framkvæmdasviðs Vestmannaeyjabæjar, dags. 16. desember sl. kemur fram að um „Fyrirhugaðar framkvæmdir“ sé að ræða. Öllum er til þekkja er ljóst að umræddar framkvæmdir hafa þegar átt sér stað.

Sem kunnugt er, er „Gestahúsið“ vestan við Höfðaból leigt út sem orlofshús. Oft eru þar 6 til 10 manns og jafvel þrír til fjórir bílar sem taka þá bróðurpartin af bílastæðinu framan við Höfðaból. Átroðningur á lóð Steinsstaða er nokkur af völdum gesta í gestahúsinu sem líta gjarnan á lóð Steinsstaða sem leikvöll fyrir börn. Einnig hefur borið við að gestir nýti þvottasnúrur okkar.

Án þess að fullyrða neitt, er ekki ólíklegt að tilgangurinn með viðbyggingunni austan við Höfðaból sé að auka útleigurými og því þurfa að fylgja bílastæði. Hávaða- og ljósmengun af umferðinni um nýja aðkeyrslu yrði því umtalverð með tilheyrandi truflun fyrir íbúa Suðurgarðs. Ég styð því heilshugar athugasemdir þeirra varðandi þetta mál og lýsi mig andvígum umræddum framkvæmdum hafi ég eitthvað þar um að segja. Þá vekur furðu ef skipulagsyfirvöld samþykkja að aflagðir úrsérgengnir vörugámar skul samþykktir sem geymslurými á stað sem þessum.

Virðingarfyllst.

Guðfinnur G. Johnsen, (kt. : 200649-4869)



Steinsstöðum
900 Vestmannaeyjum